

REGLUGERÐ

um notkun síma og snjalltækja á skólatíma í grunnskóla og á frístundaheimilum.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að:

1. Samræma reglur um notkun nemenda á sínum og snjalltækjum í grunnskólum og á frístundaheimilum.
2. Skapa námsfrið, velliðan, aukin félagsleg tengsl og jákvæðan skólabrag, þar sem öryggi, farsæld og heilbrigði eru leiðarljós.
3. Styðja við faglegt starf skóla og frístundaheimila og einbeitingu og frammistöðu nemenda.
4. Stuðla að góðu samstarfi og samráði milli foreldra, nemenda, skóla og frístundaheimila um notkun síma og snjalltækja á skólatíma og stuðla að gagnkvæmu trausti, virðingu, samábyrgð og tillitssemi allra aðila í skólasamfélaginu.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til notkunar nemenda á sínum og snjalltækjum á skólatíma í grunnskóla, bæði til tækja sem eru og eru ekki í eigu eða umsjá skólans. Reglugerðin tekur einnig til notkunar nemenda á sínum og snjalltækjum á frístundaheimilum skv. 33. gr. a laga um grunnskóla og í tómstunda- og félagsstarfi sem er liður í daglegu starfi á skólatíma, sbr. 33. gr. sömu laga.

3. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi hugtök svofellda merkingu:

1. **Sími:** Færanlegt tæki sem notað er til fjarskipta. Til síma teljast tæki sem eru mismunandi að gerð eins og farsími og snjallsími en jafnframt tæki með takmarkað notendaviðmót. Farsími er fjarskiptatæki sem getur tekið við símtölum, skilaboðum eða gögnum um fjarskiptanet. Snjallsími er tæki með virkni sem líkist tölvu, með stýrikerfi og möguleika á uppsetningu forrita.
2. **Snjalltæki:** Önnur færanleg tæki en sínar sem geta m.a. tengst neti eða öðrum tækjum en eru með sambærilega virkni og snjallsímar, s.s. snjallúr, spjaldtölvur og þráðlaus heymartól.
3. **Skólatími:** Tíminn frá upphafi fyrstu kennslustundar til loka síðustu kennslustundar hvers skóladags nemanda í grunnskóla, þar á meðal frímínútur, matarhlé, sem og tómstunda- og félagsstarf sem er liður í daglegu starfi á skólatíma. Til skólatíma teljast líka vettvangsferðir og ferðir á vegum skóla sem eru hluti af skyldunámi. Starfstími frístundaheimila telst einnig til skólatíma samkvæmt reglugerð þessari.
4. **Notkun í kennslufræðilegum tilgangi:** Notkun síma og snjalltækja í eigu eða umsjá grunnskóla og/eða frístundaheimila, sem er hluti af skipulagðri kennslu skóla til að ná markmiðum og hæfniviðmiðum aðalnámskrár eða hluti af faglegu starfi til að ná markmiðum starfsemi frístundaheimila eða tómstunda- og félagsstarfs.

4. gr.

Ábyrgð, réttindi og skyldur.

Um ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla, nemenda og foreldra vegna notkunar síma og snjalltækja á skólatíma gilda ákvæði reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Sömu ákvæði gilda jafnframt á frístundaheimilum, sbr. 3. mgr. 33. gr. a laga um grunnskóla.

5. gr.

Símar og snjalltæki á skólatíma.

Notkun síma og snjalltækja sem ekki eru í eigu eða umsjá skóla eða frístundaheimilis er óheimil á skólatíma, sbr. þó 6. gr.

Símar og snjalltæki sem ekki eru í eigu eða umsjá skóla eða frístundaheimilis skulu ekki vera aðgengileg á skólatíma, sbr. þó 6. gr. Grunnskóli eða frístundarheimili ákveður fyrirkomulag geymslu tækjanna með hliðsjón af aðstæðum þar sem þau eru ekki aðgengileg nemendum, s.s. í þar til gerðum skápum, hólfum eða geymslukössum. Geymsla tækis skal taka mið af skóladegi nemanda. Hver skóli og frístundaheimili skal móta sér nánari reglur um fyrirkomulag geymslu og afhendingu tækjanna í samráði við aðila skólasamfélagsins. Skal kynna reglurnar bæði fyrir nemendum og foreldrum.

Símar og snjalltæki sem höfð eru meðferðis í skóla og eru ekki í eigu eða umsjá skóla eða frístundaheimilis, eru á ábyrgð eiganda viðkomandi tækis nema þau hafi verið afhent skóla eða frístundaheimili til geymslu skv. 2. mgr. Við geymslu tækja skal skóli eða frístundaheimili gera viðeigandi varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón, hvarf eða þjófnað. Um skaðabótaábyrgð fer samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

Síma og snjalltæki í eigu eða umsjá skóla eða frístundaheimilis skal eingöngu nota í kennslufræðilegum tilgangi eða vegna stuðningsþarfa nemenda.

6. gr.

Undanþágur.

Ákvæði 5. gr. á ekki við að því marki sem notkun síma eða snjalltækis, aðgangur að tækinu eða geymsla þess er nauðsynleg vegna stuðningsþarfa nemanda, t.d. vegna heilsufars, fötlunar, sérþarfa, sbr. 2. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla, eða námsþarfa. Sama gildir þegar tæki er notað sem hjálpar- eða stuðningstæki, s.s. vegna tjáskipta, skynúrvinnslu, öryggis, skipulags eða annarrar nauðsynlegrar aðlögunar.

Tilkynna skal skóla eða frístundaheimili um stuðningsþarfir nemanda og hjálpar- eða stuðningstæki skv. 1. mgr. Skólastjóri eða forstöðumaður frístundaheimilis eða starfsmaður sem viðkomandi stjórnandi tilnefnir, skal í samráði við nemanda og foreldra ákveða nánara fyrirkomulag skv. 1. mgr.

Skólastjóra eða forstöðumanni frístundaheimilis er jafnframt heimilt að veita undanþágu frá 5. gr. ef um er að ræða önnur sérstök, tímabundin og rökstudd undantekningartilvik sem talin eru réttlætanagerleg með hliðsjón af þörfum nemenda eða í samráði við nemendur og eru til þess fallin að ná markmiðum reglugerðar þessarar. Ákvörðunin skal skráð og rökstudd.

Skólastjóri eða forstöðumaður frístundaheimilis skal skrá upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja framkvæmd undanþága að gættum ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og 47. gr. a. laga um grunnskóla.

7. gr.

Innleiðing og framkvæmd.

Skólastjóri og forstöðumaður frístundaheimilis hefur forgöngu um og tryggir innleiðingu og framkvæmd reglugerðar þessarar í skólanum eða frístundaheimilinu. Leitast skal við að ná sem víðtækastri sátt milli aðila skólasamfélagsins um innleiðingu og framkvæmd reglugerðarinnar.

Skólastjóri skal kynna innleiðingu og framkvæmd reglugerðarinnar fyrir skólaráði, þar á meðal fyrirkomulag geymslu og afhendingar skv. 2. mgr. 5. gr. og ópersónugreinanlegt yfirlit yfir framkvæmd og umfang undanþága sem veittar eru á grundvelli 6. gr.

Nemendum skal veitt tækifæri til að taka þátt í innleiðingu og framkvæmd reglugerðarinnar, þar á meðal útfærslu fyrirkomulags geymslu og afhendingar, skv. 2. mgr. 5. gr., mati á áhrifum innleiðingarinnar og framkvæmdarinnar á nemendur og mótun leiða til að koma til móts við þá, t.d. með afþreyingu í frímínútum. Taka skal réttmætt tillit til skoðana nemenda í samræmi við aldur og þroska.

Mat á innleiðingu og framkvæmd reglugerðarinnar skal tengjast öðru innra mati skólans.

Ráðuneytið gefur út leiðbeiningar um framkvæmd reglugerðarinnar að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðila skólasamfélagsins.

8. gr.

Viðbrögð við brotum á reglum.

Um viðbrögð við brotum á reglum og málsmeðferð þar að lútandi gilda ákvæði reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

9. gr.


Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 6. mgr. 14. gr. og 4. mgr. 30. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, sbr. 3. mgr. 33. gr. a. sömu laga, öðlast þegar gildi.

Frá og með 1. janúar 2027 skal ráðuneytið fylgja eftir framkvæmd reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessa skal endurskoða innan þriggja ára frá gildistöku. Við endurskoðunina skal m.a. hafa hliðsjón af fenginni reynslu og þróun rannsókna og þekkingar.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 27. ágúst 2026.



Inga Sæland.



Asdís Halla Bragadóttir.